



Framkvæmdasjóður Skrúðs

Fréttatilkynning

Á vegum Framkvæmdasjóðs Skrúðs er komin út dagbók séra Sigtryggs Guðlaugssonar, prófests á Núpi í Dýrafirði; „**Skrúður Á Núpi - græðsla og gróður í fjörutíu ár**”. Í bókinni segir frá tilurð garðsins tilgangi og uppbyggingu. Rakin er 40 ára ræktunarsaga garðsins og hvernig örgrýtisurð breytist í fallegan, gróskumikinn, eftirsóknarverðan yndisreit. Þá er einnig mikið fjallað um matjurtartilraunir séra Sigtryggs. Hvernig þekking á eðli og meðferð ræktunar skilar sér í ávöxtum jarðar, sem allir geta nýtt sér til gagns, yndis og ánægju.

Þeir sem hafa áhuga á að styrkja sjóðinn og eignast bókina geta haft samband við; Garðyrkjufélag Íslands í síma. 552-7721 eða Skógræktarfélag Íslands í síma: 551-8150 eða Skógræktarfélag Dýrafjarðar í síma: 456-8201.

Einnig er hægt að eignast bókina með því að greiða inn á eftirfarandi reikningsnúmer: 1175-26-757 kt. 500698-2179. Þeir sem styrkja sjóðinn með lágmarksupphæð kr. 3000 fá bókina senda í pósti að gjöf.

Allur ágóði bókarinnar mun renna óskiptur í framkvæmdasjóð Skrúðs til uppbyggingar og viðhalds á garðinum.

Með vinsemd og virðingu.

Stjórn Framkvæmdasjóðs Skrúðs

